



Stjórn ÍSS 2014-2016 var skipuð eftirfarandi aðilum:

Margrét Jamchi Ólafsdóttir	Formaður
Elín Gautadóttir	Varaformaður
Jónína Þorvaldsdóttir	Gjaldkeri
Elísabet Svava Kristjánsdóttir	Ritari
Þóra Gunnarsdóttir	Meðstjórnandi
Guðrún Guðmundsdóttir	Varamaður
Aðalheiður Gísladóttir	Varamaður

Framkvæmdastjóri: Ingibjörg K. Halldórsdóttir

Í upphafi starstíma gaf stjórnin út eftirfarandi stefnu:

Stjórn ÍSS stefnir að því að auka fagmennsku og sprengikraft með því að endurvekja nefndir og ráð og hvetja til aðkomu fagfólks og fulltrúa félaganna til nefndarstarfa. Helstu áherslur:

- Endurnýja afreksstefnu og efla stuðning við afreksfólk og unga og efnilega iðkendur.
- Efla og styrkja dómara og tæknifólk með reglulegum dómaramámskeiðum þar sem erlendir sérfræðingar miðla reynslu sinni.
- Uppfæra og auka framboð á þjálfaramenntun.
- Auka sýnileika íþróttarinnar á Íslandi.
- *Vinna saman til eflingar íþróttarinnar fyrir alla iðkendur!*

Stefnunni hefur verið fylgt eftir á kjörtímabilinu og skemmst er frá því að segja að unnið hefur verið ötullega að öllum listuðum áherslum.

Afreksstefna

Starfshópur var settur saman haustið 2014 og hóf strax störf í samvinnu við stjórn ÍSS. Í desember 2014 var afrekskönnun send út á stjórnir og starfsmenn aðildarféлага og ÍSS, þjálfara aðildarféлага, dómara, tæknidómara, afreksfólk og aðra sem sitja í nefndum og ráðum ÍSS. Í framhaldinu vann starfshópurinn úr niðurstöðum könnunarinnar sem kynnt voru á opnum vinnufundi í maí 2015.

Ný afreksstefna leit dagsins ljós í júlí 2015 og var samþykkt á formannafundi ÍSS haustið 2015 og er lögð fram á þinginu.

Menntun dómara, tæknisérfræðinga og tæknifólks

Óhætt er að segja að mikil áhersla hafi verið lögð á að mennta dómara á síðustu tveimur árum. Níu námskeið fyrir dómara og tæknifólk voru haldin á tímabilinu og hafa þau aldrei verið fleiri:

- Ágúst 2014: Haustnámskeið fyrir dómara og tæknisérfræðinga. Leiðbeinandi Jeroen Prins, ISU Referee og ISU Technical Controller.

- Nóvember 2014: Námskeið fyrir dómaraefni þar sem dómgæsla á mótum og dómaranámið/ferlið var kynnt og Stjórnkerfið kynnt. Tvö námskeið voru haldin, annað í Reykjavík af Berglindi Rós Einarsdóttur og hitt á Akureyri af Kristínu Helgu Hafþórsdóttur.
- Janúar 2015: Tvö dómara námskeið voru haldin í tengslum við RIG. Annars vegar var haldið almennt námskeið fyrir alla dómara og dómaraefni og hins vegar námskeið um skyldur yfirdómara (referee). Leiðbeinandi á námskeiðunum var Susan Lynch en hún er ISU Referee og ISU Technical Controller og situr í tækninefnd ISU fyrir einstaklings- og paraskautun (Technical Committee for Single and Pair Skating).
- Febrúar 2015: Námskeið um dómgæslu í para skautun (pair skating). Leiðbeinandi Mona Jonsson ISU Referee.
- September 2015: Haustnámskeið fyrir dómara og tæknisérfræðinga. Leiðbeinandi Emilie Maria Billow, ISU judge og International Technical Controller.
- Október 2015: Námskeið fyrir tæknisérfræðinga (TS). Leiðbeinandi Ásdís Rós Clark, International TS.
- Janúar 2016: Námskeið fyrir tæknifólk á panel (DRO). Leiðbeinandi Sunna Björk Mogensen, ISU DRO.

Að auki fór eftirtaldir aðilar á dómara námskeið hjá Alþjóða Skautasambandinu (ISU):

- Júlí 2014: Berglind Rós Einarsdóttir og Kristín Helga Hafþórsdóttir sóttu ISU námskeið í Frankfurt.
- April 2015: Kristín Helga Hafþórsdóttir sótti námskeið í Torun í Póllandi í para skautun.
- Júlí 2015: Ásdís Rós Clark og Kristín Helga Hafþórsdóttir sóttu námskeið í Frankfurt þar sem Ásdís Rós endurnýjaði International TS réttindin sín.

Gaman er að segja frá því að Sunna Björk Mogensen, ISU DRO, sat á panel á heimsmeistaramóti unglunga í samhæfðum skautadansi dagana 11.-14. mars 2015 í Zagreb, Króatíu. Þetta mun vera í fyrsta sinn sem íslenskur starfsmaður á panel er fenginn til að starfa á meistaramóti ISU.

Menntun þjálfara

Ákveðið var að mæta brýnni þörf á sérgreinanámskeiði fyrir þjálfara. Efni námskeiða þurfti að uppfæra verulega þar sem nokkuð er síðan námskeiðin hafa verið haldin og því var ráðist í það að sækja um styrk til verkefnisins til Ólympíusamhjalparinnar þegar auglýst var eftir umsóknum. Rúmlega 900.000 kr. styrkur var samþykktur! Vorið 2015 var haldið sérgreinanámskeið 1A, og í kjölfarið var haldið sérgreinanámskeið 1B í október 2015. Sérgreinanámskeið 1C er framundan og verður haldið 17.-22. maí 2016. Umsjónarmaður námskeiðanna er Erlendína Kristjánsson.

Sýnileiki

Mikið þrekvirki hefur verið unnið við kynningu á fallettu íþróttinni okkar í fjölmiðlum á síðustu árum. Þar ber fyrst að nefna markvisst kynningarátak stjórnar undir stjórn framkvæmdastjóra, þar sem mót eru kynnt fjölmiðlum fyrirfram með fréttatilkynningum sem fylgt er eftir með símtölum og vel útlistuðum úrslitum með góðu myndefni. En ekki er þar síst að þakka vaxandi árangri skautara sem slegið hafa hvert stigameið á fætur öðru og færast hægt og bítandi ofar og ofar í keppnum á erlendum vettvangi og íslenskir skautarar hafa vakið sérstaka athygli í þróunarverkefnum sem ÍSS hefur tekið þátt í undanfarin ár.

Mótahald

ÍSS hefur haldið 5 mót á hvoru keppnistímabili (1. júlí – 30. júní):

- Haustmót
- Bikarmót
- Íslandsmót
- Reykjavíkurlaikana (RIG)
- Vetrarmót

Mótahald skiptist jafnt á milli félaganna, nema RIG er alltaf haldið í skautahöllinni í Laugardal. Formaður mótanefndar er Elín Gautadóttir.

Bikar- og Íslandsmeistarar eru krýndir árlega í Kvennaflokki, Unglingaflokki og Stúlknaflokki.

Bikarmeistarar:

- 2014:
 - Unglingaflokkur: Agnes Dís Brynjarsdóttir SB
 - Stúlknaflokkur: Emilía Rós Ómarsdóttir SA
- 2015:
 - Unglingaflokkur: Emilía Rós Ómarsdóttir SA
 - Stúlknaflokkur: Marta María Jóhannsdóttir SA

Íslandsmeistarar:

- 2014:
 - Kvennaflokkur: Nadia Margrét Jamchi SR
 - Unglingaflokkur: Agnes Dís Brynjarsdóttir SB
 - Stúlknaflokkur: Marta María Jóhannsdóttir SA
- 2015:
 - Kvennaflokkur: Júlía Grétarsdóttir SB
 - Unglingaflokkur: Emilía Rós Ómarsdóttir SA
 - Stúlknaflokkur: Marta María Jóhannsdóttir SA

RIG

ÍSS tók við skipulagi móts í listhlaup á skautum á Reykjavíkurlaikunum árið 2014 af Skautafélagi Reykjavíkur og árið 2015 var RIG í fyrsta sinn á mótaskrá alþjóðaskautasambandsins (ISU). Skráning var góð framan af og því var panell bókaður í samræmi við reglur ISU, en því miður var mjög mikil afskráning keppenda á síðustu stundu og aðeins 3 erlendir keppendur mættu á mótið.

Mótið fór í alla staði mjög vel fram og RÚV var með beina útsendingu frá mótinu, sem er í fyrsta skipti sem mót í listhlaupi á skautum er sýnt í beinni útsendingu í sjónvarpi. Það var gríðarlega góð kynning á íþróttinni og vakti talsverða athygli.

RIG 2015 var mjög kostnaðarsamt vegna dræmrar þátttöku, en stjórn ÍSS gekk hart fram í öflun styrkja fram á síðasta dag og varð því tap mun minna en útlit leit fyrir í fyrstu.

Ákveðið var að RIG 2016 yrði áfram á mótaskrá ISU þar sem mótið er gríðarlega mikilvægt fyrir íslenska skautara sem fá þar tækifæri til að keppa á heimavelli við sterka erlenda skautara. Góð skráning var á mótið og í þetta sinn líka góð mæting. 23 erlendir keppendur frá 7 löndum tóku þátt auk íslensku keppendanna og með góðum stuðningi styrktaraðila náðist að halda mótinu réttu megin við núllið að þessu sinni.

RIG er að festa sig í sessi á mótaskrá ISU og glæsileg umgjörð leikanna spyrst hratt út. Því ákvað stjórn ÍSS að sækja um skráningu hjá ISU fyrir RIG 2017 þrátt fyrir að ÍSS mun líka halda Norðurlandamót 2017. Það er því mikil skautaveisla hjá íslensku skautaáhugafólki framundan.

Íslenskir skautarar á faraldsfæti

Styrkjafyrirkomulagi ÍSS vegna ferða á mót erlendis var breytt haustið 2014 og í stað þess að ÍSS skipuleggi ferðir á ISU mót var opnað fyrir það að klúbbar gætu sótt um til ÍSS að senda skautara sem uppfylltu skilyrði um viðmið ÍSS á mótin. Skautarar sækja síðan um styrk fyrir ferðinni til ÍSS og klúbbarnir sjálfir skipuleggja ferðina. Þetta hefur gefist vel þar sem þjálfarar/klúbbar geta sjálfir valið mótin sem farið er á og hagað skipulagi ferðar eftir hentugleika, en á móti kemur að klúbbar eru ekki að sameinast um þjálfara og/eða fararstjóra og því getur kostnaður skautara/klúbba verið meiri.

Ferðir á ISU Junior Grand Prix mót (JGP) og Norðurlandamót (NM) hafa þó verið með svipuðu fyrirkomulagi og áður og eru skipulögð af ÍSS.

Eins og undanfarin ár fékk ÍSS úthlutað tveim sætum á JGP mótaröðinni 2014 og 2015. Eftirfarandi fulltrúar Íslands voru tilnefndir:

- Vala Rún B. Magnúsdóttir SR í Ostrava í Tékklandi 03. – 07. september 2014. Varamaður var Agnes Dís Brynjarsdóttir SB.
- Agnes Dís Brynjarsdóttir SB í Tallinn í Eistlandi 24.-28. September 2014. Varamaður var Vala Rún B. Magnúsdóttir SR.
- Þuríður Björg Björgvinsdóttir SB í Riga, Lettlandi 26. – 30. ágúst 2015. Varamaður var Vala Rún B. Magnúsdóttir SR.
- Vala Rún B. Magnúsdóttir SR í Póllandi 23. - 27. September 2015. Varamaður var Þuríður Björg Björgvinsdóttir SB. Því miður gátu hvorki Vala Rún né Þuríður tekið þátt í mótinu vegna meiðsla.

NM 2015 var haldið í Stavanger í Noregi. Landslið Íslands var skipað 6 skauturum:

- Keppendur í Unglingaflokki (Junior ladies):
 - Agnes Dís Brynjarsdóttir
 - Þuríður Björg Björgvinsdóttir
- Keppendur í Stúlknaflökki (Advanced Novice girls):
 - Emilía Rós Ómarsdóttir
 - Helga Karen Pedersen
 - Marta María Jóhannsdóttir
 - Pálína Höskuldsdóttir

Með þeim í för voru þjálfararnir Clair Wileman og Iveta Reitmerova, Ásdís Rós Clark tæknidómari (TS), Sunna Björk Mogensen tæknipanel (DRO), og Margrét Jamchi Ólafsdóttir formaður.

Þær Emilía Rós og Marta María stóðu sig best meðal íslensku stúlkanna. Emilía Rós sýndi glæsilegt stutt prógram og var í 10.sæti eftir fyrri keppnisdag. Marta María, sem var að keppa á sínu fyrsta

Norðurlandamóti, átti stórgóðan seinni keppnisdag og endaði í 13.sæti og Emilía Rós hafnaði í 12.sæti í Stúlknaflökki A.

NM 2016 var haldið í Árósum í Danmörku. Landslið Íslands á mótinu var skipað 8 skauturum:

- Keppendur í Unglingaflokki (Junior ladies):
 - Agnes Dís Brynjarsdóttir
 - Emilía Rós Ómarsdóttir
 - Kristín Valdís Örnólfsdóttir
 - Þuríður Björg Björgvinsdóttir
- Keppendur í Stúlknaflökki (Advanced Novice girls):
 - Aldís Kara Bergsdóttir
 - Ásdís Arna Fen Bergsveinsdóttir
 - Herdís Birna Hjaltalín
 - Marta María Jóhannsdóttir

Með þeim í för voru þrjú þjálfarar: Gabi Jurkovic, Iveta Reitmayerova og Julie Dury Dunlop, ásamt formanni ÍSS Margréti Jamchi Ólafsdóttur.

Þuríður Björg og Marta María náðu bestum árangri af íslensku keppendunum. Þuríður Björg endaði í 14. sæti í Unglingaflokki og Marta María endaði í 13. sæti í Stúlknaflökki.

ISU mót

- Björninn sendi 5 skautara ásamt þjálfara á Volvo Cup í RIGA í nóvember 2014.
- Skautafélag Akureyrar sendi 7 stúlkur til Bratislava í Slóvakíu í desember 2014 þar sem þær tóku þátt í 56th Grand Prix Bratislava 2014. Marta María Jóhannsdóttir gerði sér lítið fyrir og sigraði Pre Novice flokkinn með 46.06 stigum og Ásdís Arna Fen Bergsveinsdóttir hafnaði í 2.sæti með 41.87 stig. Hin 8 ára Ísold Fönn Vilhjálmsdóttir hafnaði í 2.sæti í Pre Juvenile flokki með 24.52 stig.
- Í febrúar 2015 keppti Júlía Grétarsdóttir úr SB á Bavarian Open í Munchen, Þýskalandi. Júlía hafnaði í 19.sæti með 90.73 stig og setti persónulegt stigamet.
- 10 stúlkur frá öllum þrem félögunum tóku þátt í Hamar Trophy mótinu í Noregi í apríl 2015. Emilía Rós Ómarsdóttir SA náði glæsilegum árangri og var í öðru sæti í Stúlknaflökki. Kristín Valdís Örnólfsdóttir átti sömuleiðis stórgott mót er hún setti persónulegt met og hafnaði í 9.sæti í Unglingaflokki.
- 4 skautarar úr SB tóku þátt í Development Trophy í Póllandi í apríl 2015. Stúlkunum gekk vel á mótinu og Þuríður Björg Björgvinsdóttir var í 3ja sæti í Unglingaflokki.
- 7 stúlkur úr SB og SR tóku þátt í Merano Cup sem fram fór á Ítalíu dagana 12.-15.nóvember 2015.
- Þrjár stúlkur frá SA tóku þátt í 27. Sportland Trophy mótinu sem fram fór í Budapest, Ungverjalandi í mars 2016.

Vetrarólympíuhátíð Evrópuæskunnar (EYOWF)

Kristín Valdís Örnólfsdóttir, Skautafélagi Reykjavíkur, var valin til þátttöku á **Vetrarólympíuhátíð Evrópuæskunnar (EYOWF)** sem fram fór í Vorarlberg og Liechtenstein 25.-30. janúar 2015. Varamaður var Elísabet Ingibjörg Sævarsdóttir, Skautafélagi Akureyrar. Kristín Valdís og þjálfari hennar, John Kauffman, fóru með hóp frá ÍSÍ ásamt Skíðasambandi Íslands.

Vetrar alþjóðaleikar ungmenna (International Children's Winter Games) fóru fram í Innsbruck í Austurríki 12. – 16. janúar 2016. 4 íslenskir skautarar tóku þátt í mótinu: Ásdís Arna Fen

Bergsveinsdóttir, Helga Karen Pedersen, Marta María Jóhannsdóttir og Thelma Kristín Maronsdóttir. Marta María stóð sig frábærlega og lenti í 2. sæti á mótinu af 30 keppendum.

Skautakona ársins

- Agnes Dís Brynjarsdóttir SB var valin Skautakona ársins 2014.
- Emilía Rós Ómarsdóttir SA var valin Skautakona ársins 2015.

Nefndir og ráð

Vel gekk að endurvekja nefndir ÍSS þó svo að einhverjar mannabreytingar hafi orðið á tímabilinu. Lagt var sérstakt kapp á að manna nefndir sem sinntu faglegum málefnum íþróttarinnar fagfólki í greininni og má hrósa dómurum og þjálfurum fyrir vilja þeirra til að starfa fyrir sambandið.

Níu nefndir/ráð/starfshópar hafa verið starfandi innan ÍSS undanfarin 2 ár. Auk starfshóps um afreksstefnu sem formaður leiddi og mótanefndar sem þegar hefur verið nefnd, voru starfandi dómara-og tækniráð þar sem Ásdís Rós Clark gengdi formennsku og þjálfararáð þar sem Iveta Reitmayerova gengdi formennsku.

Grunnprófsnefnd starfaði fyrsta árið undir stjórn Berglindar Rósar Einarsdóttur, en Halla Björg Sigurþórsdóttir tók við formennsku seinni veturinn. Formaður valnefndar var Sigrún Mogensen og formaður RIG nefndar var Bjarnveig Guðjónsdóttir.

Þóra Gunnarsdóttir var formaður laganefndar og var einnig tengiliður millipinganefndar sem stofnað var til á síðasta skautþingi. Laganefnd hefur verið mjög virk á tímabilinu og hafa nánast allar reglugerðir ÍSS verið yfirfarnar og uppfærðar.

Samhæfður skautadans – Synhro

Aðeins eitt starfandi synhro lið er á Íslandi eins og er: Norðurljósin, lið Skautafélags Reykjavíkur. Þjálfarar á tímabilinu voru Sunna Björk Mogensen og Ásdís Rós Clark. Stjórn ÍSS hafði áhuga á að styðja við liðið og útnefndi sérstakan tengilið stjórnar við synhro. Sótt var sérstaklega um ístíma fyrir æfingar og í tvígang var fluttur inn sérstakur dómari á ÍSS mót sem einnig gat unnið með liðinu við undirbúning þeirra fyrir keppni.

Norðurljósin, kepptu í janúar 2015 á Mozart Cup klúbbamóti í Salzburg í Austurríki. Stúlkurnar gerðu sér lítið fyrir og lentu í 3. sæti af 13 liðum í opnum flokki (mixed age).

Norðurljósin kepptu í febrúar 2016 á Budapest Cup í Ungverjalandi og náðu fjórða sæti af 13 liðum.

Hátíðir

Mikið var um dýrðir þegar **Listhlaupadagurinn** var haldinn hátíðlegur í fyrsta skipti í ágúst 2015 í öllum skautahöllum landsins. Stúlkurnar sýndu hópdansa, þrautabrautir lagðar, þjálfarar aðstoðuðu byrjendur jafnt sem lengra komna undir skemmtilegri tónlist og diskóljósum. Félögin voru með sölu á ýmsum skautavarningi, m.a. kjólum, og svöruðu spurningum um starfið. Happprætti var síðan í lok dags þar sem nokkrir heppnir hlutu flotta vinninga. Dagurinn þótti takast vel til þó skipuleggjendur höfðu á orði að þeir hefðu viljað sjá fleiri ný andlit.

ÍSS fagnaði 20 ára afmæli 28. Febrúar 2015 og var af því tilefni blásið til afmælisfagnaðar á Vetrarmóti ÍSS sem fór fram þann dag í Egilshöllinni. Formaður ÍSS og Helga S. Guðmundsdóttir varaforseti ÍSÍ ávörpuðu gesti og síðan var boðið uppá kaffi og kökur í tilefni dagsins.

Að lokum

Eins og sjá má á þessari skýrslu þá hafa mörg verkefni verið á dagskrá síðastliðin tvö ár. Það sem aðeins hefur setið á hakanum eru námskeið hérlandis fyrir afrekshópa ÍSS. Ráðist var í að halda slíkt námskeið í ágúst 2014, en lítill áhugi yfirþjálfara á verkefninu og vöntun á samstarfsvilja varð mjög til að draga úr áhuga á endurtekningu á því. Félögin hafa þó verið öflug við að halda úti sumarnámskeiðum fyrir iðkendur, bæði lengra og skemmra komna, og er það gríðarlega mikilvægt fyrir framgang íþróttarinnar.

Samstarf félaga og ÍSS í þágu afrekshópa myndu að mínu mati geta skilað miklu til íslenskra skautara, en til þess að það takist þá þarf að vera áhugi á samvinnu. Í því fámenni sem við búum við þá eru afreksskautarar líka fáir. Að þeim þarf að hlúa vel og þó þeir keppi mikið hvor við annan hér heima, þá þarf að efla félagslegan stuðning á milli þeirra sem skipt getur sköpum þegar haldið er erlendis til keppni og/eða æfinga. Þegar ég kveð nú stjórnarstörf í skautaheiminum eftir 11 ára starf í hinum ýmsu stjórnunarhlutverkum þá óska ég skauturunum velferðar og hvet alla, stjórnarfolk sem þjálfara, að setja skautarana okkur í fyrsta sæti við skipulag og stefnumótun til framtíðar.

Virðingarfyllt,

SKAUTASAMBAND ÍSLANDS

Margrét Jamchi Ólafsdóttir

Margrét Jamchi Ólafsdóttir

Formaður